

Vignir G. Jónsson ehf. hefur verið eitt stærsta framleiðslufyrirtæki grásleppukavíars á Íslandi í áratugi. Hjá félaginu starfa um 50 manns.

Síðustu misseri höfum við orðið fyrir háværi og háværi kröfum frá kaupendum um nauðsyn þess að geta boðið þeim MSC vottuð grásleppuhrogn. VGJ hefur þegar misst mikilvæga kaupendur og okkur er hreinlega hót að miklu fleiri samningar tapist á þessu ári, ef ekki næst að fá íslenska grásleppu vottaða.

Varðandi reglugerðardrög um grásleppuveiðar árið 2020 getum við sagt;

- Við skiljum vel áhyggjur grásleppuveiðimanna varðandi helmings niðurskurð á netum og veltum fyrir okkur hvort ekki hefði verið réttara að taka smærra skref, ef þörf var á niðurskurði netalengdar yfir höfuð.
- Við skiljum áhyggjur grásleppuveiðimanna af meðafla í þorski og nánast enga möguleika þeirra til að bregðast við.
 - Verður ekki að finna leið til að leysa úr þessu, þannig allur meðafli komi í land?

Á þessu stigi tjáum við okkur ekki frekar um reglugerðardrögin.

Hagsmunir Vignis G Jónssonar ehf. felast í að hægt verði að veiða grásleppu við Ísland á hagkvæman hátt, í góðri sátt við samfélag og umhverfi, til framtíðar.

Við teljum að okkar hagsmunir fari fullkomlega saman við hagsmuni annara í greininni.

- Við teljum gríðarlega mikilvægt fyrir veiðar grásleppu og vinnslu grásleppuhrogn að íslensk grásleppa nái endurvottun í MSC. Að öðrum kosti er alls óvíst hvort íslensk grásleppuhrogn haldi stöðu sinni á markaðnum, bæði hvað varðar magn og verð.
- ISF hefur, fyrir hönd framleiðenda, sótt um endunýjun MSC vottunar.
- Skoðunarstofan sem verkið vinnur er SAI Global.
- Von er á áfangaskýrslu frá skoðunarstofunni um mánaðarmótin janúar/febrúar.
- Þessi áfangaskýrsla gefur vonandi ástæðu til bjartsýni.
- Það er ljóst að ef vottun næst, verður hún háð ströngum skilyrðum (um meðafla).
- MSC vottun gæti verið grunnur að því að standast kröfur Bandaríkjanna varðandi meðafla sjávarspendýra.

Því myndum við vilja leggja mikla áherslu á eftirfarandi;

- Róið verði öllum árum að fá MSC vottun endurnýjaða.
- Útgáfu reglugerðar verði frestað þangað til áfangaskýrslan hefur verið birt og um hana fjallað, eða -
- Heimild verði í reglugerðinni um að þar til gerð yfirvöld gætu brugðist við þeim kröfum sem þar kunna að koma fram.